

11.fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 03.03 2015, kl. 13.30

Allir aðalmenn mættir: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Oddviti sett fund og gengið var til dagskrár kl. 13. 38

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Sveitarstjórnarmál

- a) Skipan sveitarstjórnar, vegna brottflutnings 1. varamanns úr sveitarfélaginu
- b) Siðareglur kjörinna fulltrúa Fljótsdalshrepps
- c) Ráðningarbréf við Deloitte um endurskoðun

3. Skólamál

4. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, erindi dags.29.11 og 30.12 2014

Drög að samþykkt um fráveitumál, drög að samþykkt um katta og gæludýrahald og drög að samþykkt um hundahald.

5. Óbyggðasetur Íslands

6. Skipulagslýsing Hengifoss

Umsögn Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu, dags. 17.02

7. Skólaskrifstofa Austurlands

- a) Boðun aukaaðalfundar dags. 06.03 2015
- b) Drög að endurskoðuðum samningi um Skólaskrifstofuna

8. Sóknaráætlun, til kynningar nýr samningur við landshlutasamtök

9. Sorpsamningur

10. Bréf

- a) EBÍ Brunabót dags. 12.02
- b) Fljótsdalshéraðs tölvupóstar 05.02 og 09.02 , bókanir bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi framtíðarskipulag Hallormsstaðskóla
- c) Afrit af bréfi forstöðumanns Gunnarstofnunar til Vegagerðarinnar , dags. 04.02
- d) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 20.02
- e) Óskar Bjartmars, Kjartan Benediktsson, Guðni Jónsson og Baldur Pálsson, dags. 03.02
- f) Ríkisendurskoðun dags. 30.01

11. Umhverfisstyrkir

Hallgrímur og Anna Bryndís Brekku

12. Fjárbeiðnir

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga
- b) NKG- verkefnalausnir

13. Fundargerðir

- a) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 17.02
- b) Samgöngunefnd SSA 17.02
- c) HAUST 12.02
- d) Ársalir bs 23.01
- e) Fræðslunefnd Fljótaldalshéraðs 24.02
- f) Aðalfundur húsfélags Miðvangs 6 19.02
- g) Landbótasjóður Fljótaldalshrepps 21.01 og 18.02

14. Önnur mál

1. Skýrsla.

Í byrjun febrúar fór fram viðgerð á vatnslögn frá Skriðuklaustri í Végarð. Vatnslögnin samanstendur af tveimur 50 mm rörum og var lögnin skemmd við samtengingu á öðru rörinu, við Hantó. Áður hefur þurft að gera við vatnslögnina af svipaðri ástæðu, en á öðrum stað á lagnaleiðinni.

Halldóra Hreggviðsdóttir frá Alta heimsótti oddvita 6. febrúar og kynnti nálgun í svæðaskipulagi sem unnið var fyrir sveitarfélög á Snæfellsnesi. Skipulagið er byggt á svæðisbundinni samvinnu og byggir m.a. á skipulagi í ferðaþjónustu. Yfirskrift Svæðaskipulags Snæfellsness 2014-2026 er „Andi Snæfellsness, auðlind til sóknar“, að því standa 6 sveitarfélög. Alta telur að svæðaskipulagið geti verið góð fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög á landinu.

Nýr vefur Upphéraðsklassa www.hengifoss.is, er kominn í loftið.

Á vef Samtaka orkusveitarfélaga <http://orkusveitarfelog.is/audlindarenta-og-naersamfelagid/>, er hægt að kynna sér nýútkomna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um auðlindarentu og nærsamfélagið. Skýrslan varpar m.a. ljósi á umgjörð raforkumála í Noregi og fleiri löndum sem nota vatnsaflsvirkjanir til raforkuvinnslu.

Austurbrú hefur sent stofnaðilum fréttabréf fyrir janúar og febrúar 2015 „*Helstu tíðindi úr starfsemi Austurbrúar*“.

Umhverfisstofnun minnir sveitarfélög á skýrslugjöf sem 19.gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs mælir fyrir um. Ákvæðið á ekki við um Fljótaldalshrepp þar sem einungis er óskað eftir upplýsingum um þann úrgang sem rekstraraðili endurvinnur, endurnýtir eða fargar sjálfur. Fljótaldalshreppur er ekki rekstraraðili hvað þessi atriði varðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vekur athygli skóla og sveitarfélaga á að kvikmyndarsýningar í kennslustundum eru óheimilar nema fyrir liggja leyfi rétthafa, framleiðenda eða dreifingaraðila. Þetta á þó ekki við um kvikmyndir sem Námsgagnastofnun býður skólum.

Jafnréttisstofa hefur gefið út dagatal fyrir árið 2015, þar sem þess er minnst að hundrað ár eru liðin frá því að konur fengu í fyrsta skipti kosningarétt.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út á prenti skýrslu um niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni *Ungt fólk 2014, 8-10 bekk grunnskóla*, skýrsluna er einnig að finna á vef

2. Sveitarstjórnarmál

- a) Skipan sveitarstjórnar, vegna brottflutnings 1. varamanns úr sveitarfélaginu. Magnhildur Björnsdóttir er flutt úr sveitarfélaginu og lýkur því hennar kjörgengi í sveitarstjórn, við tekur Gunnar Gunnarsson sem 1. varamaður í sveitarstjórn, hann var áður 2. varamaður. Magnhildur hefur einnig setið í stjórn Brunavörnum á Héraði f.h. sveitarfélagsins og hennar stað þar, er tilnefndur Sveinn Ingimarsson sem aðalmaður. Sveitarstjórn þakkar Magnhildi fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.
- b) Siðareglur kjörinna fulltrúa Fljótsdalshrepps. Samþykkt að samþykktir frá 08.01.2013 haldi áfram gildi sínu. Oddvita falið að tilkynna það til ráðuneytis.
- c) Ráðningarbréf við Deloitte um endurskoðun. Oddvita falið að undirrita ráðningarbréf vegna endurskoðunar ársreiknings 2014.

3. Skólamál.

Gengið hefur verið frá skammtímasamningum til næsta hausts vegna leigu svefnherbergjaálma og íbúðar í kjallara, til hótélhalds og leigu á íbúð á neðri hæð skólans.

Fundur verður haldinn á Hallormsstað 11.03 kl 20 þar sem óskað verður eftir hugmyndum um framtíðarnotkun skólahúsnæðis.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að fjármunir verða teknir af fjárhagsáætlun skólans til skráningar á ljósmyndasafni og skilaskyldum skjölum.

Kynnt voru samningsdrög Fljótsdalshrepps við Fljótsdalshérað um nýjan samning um grunnleik og tónlistarskóla. Vinna við samningana er á frumstigi og drögin kynnt sem slík. Einnig kynntar fundargerðir starfshóps um málefni Hallormsstaðaskóla frá 13.- 18. og 25. feb.

4. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, erindi dags.29.11 og 30.12 2014.

Drög að samþykkt um fráveitumál, drög að samþykkt um katta og gæludýrahald og drög að samþykkt um hundahald. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til þess að taka upp samþykktir varðandi katta- og gæludýrahald og hundahald í Fljótsdalshreppi. Óskað verður eftir að fulltrúar HAUST komi á fund sveitarstjórnar til umræðna um fráveitumál og önnur mál á verksviði HAUST.

5. Óbyggðasetur Íslands.

Samkvæmt bréfi dags. 2. mars og öðrum upplýsingum frá forsvarsmönnum safnsins, eru að koma nýir fjárfestar inn í félagið og fyrirhugað er sameina Óbyggðasetrið og Óbyggðasafnið á ný í eitt fyrirtæki.

Þar sem hlutafjárútkning í Óbyggðasetrinu á árinu 2014, hefur ekki farið fram eins og fyrirætlanir voru um og Fljótsdalshreppur því ekki orðinn formlegur hluthafi, samþykkir sveitarstjórn að hlutafjárloforði sveitarfélagsins að upphæð kr. 5.000.000,- verði breytt í styrk og viðauki verði gerður við fjárhagsáætlun ársins vegna þeirrar ráðstöfunar.

Skoðuð voru frumdrög að heimreið og bílaplani við Egilsstaði 2 (Óbyggðasafnið), en áætlað er að fara í framkvæmdir í sumar. Fljótsdalshreppur mun gera samning við Vegagerðina um

framkvæmdina á svipaðan máta og gert hefur verið vegna endurbóta á heimreiðum í sveitinni.

6. Skipulagslýsing Hengifoss

Umsögn Umhverfisstofnunar um skipulagslýsinguna, dags. 17.02. Kynnt.

Í samræmi við 40. grein skipulagslaga, var leitað umsagna umsagnaraðila og Skipulagsstofnunar og skipulagslýsingin auglýst svo íbúum og almenningi gæfist kostur á að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum við hana. Umsagnarfrestur rann út 13.febrúar sl. Ekki bárust ábendingar frá íbúum eða almenningi, en umsögn Skipulagsstofnunar og 4 umsagnaraðila, þ.e. HAUST, Minjastofnun, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun, liggja fyrir og verður höfð hliðsjón af umsögnunum, við vinnslu tillögu að deiliskipulagi svæðisins.

Skoðaðar voru hugmyndir í deiliskipulagi svæðisins að bílastæðum og göngustíg. Skylt er að gera fornleifaskráningu á svæðinu áður en deiliskipulag verður samþykkt.

7. Skólaskrifstofa Austurlands

- a) Boðun aukaaðalfundar dags. 06.03 2015. Fundurinn verður haldinn á Fáskrúðsfirði kl 14.00. Samþykkt að oddviti mæti á fundinn fh sveitarfélagsins.
- b) Drög að endurskoðuðum samningi um Skólaskrifstofuna. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og oddvita falið að undirrita samninginn fyrir fh Fljótshrepps.

8. Sóknaráætlun, til kynningar nýr samningur við landshlutasamtök. Kynnt.

9. **Sorpsamningur.** Samþykkt að segja upp samningi við Íslenska Gámafélagið fyrir 1. ágúst n.k. Einnig samþykkt að Fljótshreppur taki þátt í útboði um sorphirðu, með Fljótshéraði og e.t. v. fleiri sveitarfélögum.

10. Bréf

- g) EBÍ Brunabót dags. 12.02. Auglýsir eftir umsóknum um styrki, umsóknarfrestur fyrir lok apríl.
- h) Fljótshéraðs tölvupóstar 05.02 og 09.02, bókanir bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi framtíðarskipulag Hallormsstaðskóla. Varðar leigumál og starfshóp um skólalald. Kynnt.
- i) Afrit af bréfi forstöðumanns Gunnarstofnunar til Vegagerðarinnar, dags. 04.02. Kynnt. Mótþælt er niðurfellingu Skriðuvegar af vegaskrá. Fljótshreppur hefur einnig mótþælt þeirri fyrirætlun Vegagerðarinnar.
- j) Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið dags. 20.02. Tilkynning um úthlutaðan styrk til Fljótshrepps að upphæð kr. 5.000.000,- úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til verkefnisins „Hengifoss“ – göngustígar bílaplan.
- k) Óskar Bjartmars, Kjartan Benediktsson, Guðni Jónsson og Baldur Pálsson, dags. 03.02. Varðar almannavarnarnefndir á svæðinu og aðgerðarstjórnstöð á Egilsstöðum. Kynnt.
- l) Ríkisendurskoðun dags. 30.01. Minnt er á að skila þarf ársreikningi Landbótasjóðs til Ríkisendurskoðunar fyrir 1. júlí

11. Umhverfisstyrkir

Hallgrímur og Anna Bryndís Brekku. Samþykktur hámarksstyrkur.

12. Fjárbeiðnir

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Ósk um styrk vegna skráningar á ljósmyndum. Hafnað að þessu sinni.
- b) NKG- verkefnalausnir. Sótt er um vegna verkefnins sem hvetur til nýsköpunar í grunnskólum. Hafnað.

13. Fundargerðir

- a) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 17.02. Kynnt.
- b) Samgöngunefnd SSA 17.02. Kynnt.
- c) HAUST 12.02. Kynnt.
- d) Ársalir bs 23.01. Kynnt.
- e) Fræðslunefnd Fljótshéraðs 24.02. Kynnt.
- f) Aðalfundur húsfélags Miðvangs 6 19.02. Kynnt.
- g) Landbótasjóður Fljótshrepps 21.01 og 18.02. Kynntar.

14. Önnur mál.

- a) Rætt var um skipulag reiðvega og nauðsyn þess að huga að gerð reiðvega við endurbætur og nýlagningu vega í sveitarfélaginu.
- b) Samþykkt að sveitarfélagið verði áfram aðili að „Rammamningi Ríkiskaupa“ , oddvita falið að tilkynna það.
- c) Samþykkt að taka fyrir erindi frá Laugarfell Highland Hostel sem barst í tölvupósti 02.03, um uppsetningu á gámahúsi (4 gámar) sem starfsmannaaðstöðu við Laugarfellsskála. Heildarflatarmál hússins er samkv. upplýsingum í erindinu ca 59 m², og áætlaður kostnaður uppsetts húss um 6,3 millj, kostnaður við grunn og lagnir að húsinu eru utan þess kostnaðar. Rekstraraðilar Laugarfellsskála munu fjármagna kaup og uppsetningu á húsinu, en Fljótshreppur sjá um grunn og lagnir. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði samningur við Laugarfell Highland Hostel um endurkaup sveitarfélagsins á gámahúsinu. Skoðuð var tillaga Highland Hostel að staðsetningu hússins, ekki tekin afstaða varðandi hana, en rætt um að skoða þurfi staðsetningu hússins m.t.t. lagna og sjónrænna áhrifa.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)